



13. maí 2024
Tilv.: 2302026

Dreifibréf nr.: 16/2024
Til eftirlitsskyldra aðila

Efni: Breyting á skiladegi og skilaskyldu úttekta upplýsingatæknikerfa

Inngangur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með hliðsjón af framangreindu hlutverki fjármálaeftirlitsins og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 hefur fjármálaeftirlitið ákveðið að breyta skiladegi á eftirfarandi skilatilvikum frá og með árinu 2025 þannig að skiladagur verði 28. febrúar í stað 30. apríl, það ár sem úttekt ber að skila skv. tölulið 52. og 53. leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2019.

Þau skilatilvik sem um ræðir eru:

- Mat á fylgni við EBA/GL/2019/04
- Mat á fylgni við EIOPA-BoS-20-600
- Mat á fylgni við LT 1/2019
- Úttekt á upplýsingakerfum-fft.
- Úttekt á upplýsingakerfum-lv

Þar að auki verða eftirfarandi skilatilvik skráð valkvæð í gagnaskilakerfinu:

- Úttekt á upplýsingakerfum-fft.
- Úttekt á upplýsingakerfum-lv

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri

Ólafur Hlynsson
sérfræðingur

varúðareftirlit

varúðareftirlit

